

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4624477 8545350 bréfsími 4627144

Árið 2002 þriðjudaginn 16 júlí kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 1. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Er þetta jafnframt fyrsti fundur eftir sveitarstjórnarkosningar sem haldnar voru 25. maí s.l.

Eftirtaldir aðal- og varamenn hafa verið skipaðir í byggingarnefnd:

Fyrir:	Aðalmenn	Varamenn
Grytubakkahrepp:	Hermann G. Jónsson	Jónas Baldursson
Svalbarðsstrandarhr:	Kristján Kjartansson	Sigurður Skúlason (Hálshreppur)
Eyjafjarðarsveit:	Hreiðar Hreiðarsson	Ívar Ragnarsson
Hörgárbyggð:	Klængur Stefánsson	Haukur Steindórsson
Arnarneshreppur:	Bragi Pálsson	Þorgeir Jónsson (Hrísey)
		Gylfi Gunnarsson (Grímsey)

Byggingarfulltrúi setti fund og bauð menn velkomna til þessa fyrsta fundar sem haldinn er eftir að breyting hefur verið gerð á samningi milli sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu. En breytingin er fólgin í því að nú verður starfandi ein byggingarnefnd á svæði Byggingarfulltrúaembættis Eyjafjarðar í stað tveggja áður.

Sagði hann fyrsta mál nýrrar byggingarnefndar að kjósa eða tilnefna formann og varaformann. Tillögur komu fram um að Hreiðar Hreiðarsson verði formaður og Klængur Stefánsson varaformaður. Tillögurnar samþykktar samhljóða.

Áður en nýr formaður tók við fundarstjórn var rætt um að fundargerðir verði á tölvutæku formi og var byggingarfulltrúa falið að sjá um þá framkvæmd.

Einnig var ákveðið að hafa fasta fundardaga fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði og aukafund hálfum mánuði síðar þá mánuði sem flest erindi berast, ef þörf verður á.

Formaður tók síðan við fundarstjórn og fór nokkrum orðum um byggingarmál almennt og talaði um að við þessi tímamót væri ágætt að skerpa nokkuð línurnar og nefndin mótaði sér einhverjar vinnureglur sem hún gæti haft til hliðsjónar í ýmsum sambærilegum málum.

Eftirtalin erindi voru tekin fyrir:

1. Erindi frá Vélaverkstæði Sig. Bjarnasonar ehf um leyfi til að reisa bogaskemmu sem tekin var niður á Akureyri og nota sem geymsluhúsnæði fyrir verkstæði fyrirtækisins við Sætún í Grímsey. Meðfylgjandi eru teikningar frá H.S.Á Teiknistofu/Haraldi Árnasyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

2. Sigurður Oddsson Bakkasíðu 5 Akureyri sækir um leyfi fyrir byggingu á garðskúr úr timbri við sumarhús sitt í Þórðarstaðaskógi í Fnjóskadal samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus teikni & verkfræðistofu/Þröstur Sigurðsson.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. Elías Óskarsson Furulundi 14 d Akureyri sækir um leyfi fyrir byggingu á 4.5 fermetra garðhúsi úr timbri á frístundahúsalóð nr. 17 í Höfðabyggð sem er skipulagt frístundahúsvæði úr jörðinni Lundi Fnjóskadal, samkvæmt meðfylgjandi skissum frá framleiðanda og einnig fylgir afstöðumynd.
Erindið samþykkt.

4. Hermann G. Jónsson Lækjarvöllum 8 Grenivík sækir um leyfi fyrir sig o.fl. aðila að byggja hesthús með haughúsi undir úr steinsteypu og timbri á lóð nr. 5 við Kaplaskjól á Grenivík. Meðfylgjandi eru teikningar frá H.S.Á Teiknistofu/Haraldur Árnason. Fyrir liggur samþykki Grýtubakkahrepps fyrir lóðarveitingu og grenndarkynning.
Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

5. Í framhaldi af erindi frá Lárusi Hinrikssyni List sem tekið var fyrir á fundi byggingarnefndar 6. júní s.l. um flutning á gömlu húsi (Bílasala Norðurlands) á frístundahúsalóð nr. 14 á lögbýlinu Geldingsá Svalbarðsstrandarhreppi. Borist hafa 2 bréf í tölvupósti til byggingarfulltrúa dags. 19. júní og 2. júlí 2002
Í fyrsta lagi er óskað eftir að erindið verði tekið fyrir að nýju með óbreyttum teikningum og hvað þurfi að minnka húsið mikið til þess að það verði samþykkt.
Í öðru lagi hvað megi nota mikið af efni úr því húsi sem fyrirhugað er að flytja.

Formaður nefndarinnar upplýsti á fundinum, að eftir umræður sem hann átti við umsækjanda um málið, að niðurstaða hefði orðið um að húsið yrði rífið.

Í greinargerð með deiliskipulagi af frístundahúsum í landi Geldingsár segir m.a. “Húsgerð og lega skal þó háð samþykki byggingarnefndar í umboði sveitarstjórnar og stærð þeirra að öður jöfnu ekki vera meiri en 80 fermetrar. Haga skal gerð húsa og litavali þannig að það falli sem best að umhverfi svæðisins.”

Bókun byggingarnefndar:

Í fyrsta lagi að húsin á svæðinu fari ekki yfir 80 fermetra, nema sérstök rök liggi þar að baki.

Í öðru lagi að húsin fari vel í landinu eins og gert er ráð fyrir í deiliskipulagsskilmálum svæðisins.

Það gefur auga leið að hús sem eru byggð til allt annarra nota en frístundahúsa henta í mörgum tilfellum alls ekki til slíkra nota og telur byggingarnefnd að svo sé í þessu tilfelli. Ber þar aðallega að nefna breidd hússins sem er mun meiri en tíðkast yfirleitt um frístundahús. Húsið yrði ekki í neinu samræmi við þau nýju hús sem þegar er búið að byggja á skipulagssvæðinu.

Hluti byggingarnefndar og byggingarfulltrúi hafa skoðað húsið og telja eðlilegast að það verði rífið og sé möguleiki á að nýta eitthvað af efni úr húsinu, verði það burðarþolshönnuður og byggingarstjóri sem meti hvað sé nýtanlegt í nýtt frístundahús, sem yrði þó háð samþykki byggingarfulltrúa sem eftirlitsaðila.

Af gefnu tilefni má bæta því við, að byggingarnefnd er orðin ósátt við að hinir og þessir aðilar fari ítrekað fram á að fá leyfi til að flytja allskyns hús sem ekki eru lengur nothæf þar sem þau eru staðsett, eða rýma þarf til vegna breytinga á skipulagi. Er það ekkert sjálfgefið að byggingarnefnd samþykki að þessum húsum verði komið fyrir einhversstaðar úti í náttúrunni hér á Eyjafjarðarsvæðinu.

6. Erindi frá Þorsteini Rútssyni Þverá Öxnadal. Hann sækir um leyfi fyrir breytingu á þaki á fjóshlöðu, sem var bogapak, en sett verði rispak í staðinn, samkvæmt teikningum frá BÍ/Magnús Sigsteinsson verk nr. 0793-30.

Erindið samþykkt.

7. Erindi frá Hjördísi Áskelsdóttur Rimasíðu 6 Akureyri. Hún sækir um leyfi fyrir byggingu á frístundahúsi á lóð nr. 3 sem er á skipulögðu frístundahúsasvæði á jörðinni Steðja Hörgárbyggð, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Örkinni Teiknistofu/Adam Traustason dags. í júlí 2002. Fyrir liggur þinglýstur lóðarsamningur. Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Jósef Tryggvason Þrastarhóli Arnarneshreppi. Hann sækir um leyfi til að byggja frístundahús á jörðinni Þrastarhóli, samkvæmt teikningum frá Fjarhitun hf/Jóhannes Rafn Kristjánsson verk nr.5146-18, einnig fylgir afstöðumynd sem sýnir staðsetningu frá BSE.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, með skilyrði um að gögn sem á vantar berist til byggingarfulltrúa og leiðréttar teikningar í samræmi við athugasemdir slökkviliðsstjóra.

9. Erindi frá Árna Magnússyni Brekkuhúsi 1b Hjalteyri. Hann sækir um leyfi fyrir byggingu garðhúss á lóð Brekkuhúss 1, meðfylgjandi er teikning eftir umsækjanda og samþykki nágretta á næstu lóð.

Erindið samþykkt.

10. Tekið fyrir bréf sem barst frá náttúruverndarnefnd Akureyrarbæjar undirritað af Guðmundi Sigvaldasyni dags. 27. maí 2002. Verið er að kanna hvort byggingarnefndin hafi áhuga á að taka þátt í eins dags ráðstefnu þar sem meginefni yrði um samspil náttúrunnar og mannlífsins á svæðinu.

Nefndin tók jákvætt í erindið og fól byggingarfulltrúa að fylgja málinu eftir.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Hreiðar Hreiðarsson
Hermann Jónsson
Sigurður Skúlason

Klængur Stefánsson
Bragi Pálsson
Jósavin Gunnarsson